

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
b.t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Keflavíkurflugvelli, 21. apríl 2017

### **Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkanir á ferðaþjónustuna**

IGS ehf. tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Icelandair Group hf. vegna fjármálaáætlunar 2018 til 2022 og mótmælir áformum um skattahækkanir harðlega. Félagið telur þó að jákvætt skref sé tekið með því að lækka efra þrep virðisaukaskattsins og styður þau áform. Á eftir fara sjónarmið sem IGS vill koma sérstaklega á framfæri við fjárlaganefnd vegna málsins.

### **Skerðir samkeppnishæfni Íslands og umsvif á Keflavíkurflugvelli**

IGS starfar sem þjónustuaðili við flugfélög á Keflavíkurflugvelli. Hagsmunir félagsins eru samofnir ferðaþjónustunni almennt og félagið hefur því umtalsverða hagsmuni af því að samkeppnisstaða og rekstrarskilyrði í greininni séu ekki skert. Líkt og kemur fram í áðurnefndri umsögn Icelandair Group er augljóst að skattahækkanir á ferðaþjónustuna munu leiða til þess að samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar munu versna.

Ísland er þegar einn dýrasti áfangastaður fyrir ferðamenn í heiminum og því eru áhrif skattahækkana líklegri til að hafa meiri og neikvæðari áhrif en ella. IGS lýsir yfir áhyggjum af því að skattahækkanirnar muni minnka áhuga á Íslandi og þar með umsvif flugfélaga á Keflavíkurflugvelli. Jafnframt telur félagið að breytingarnar kunni að auka árstíðabundnar sveiflur í starfsemi þess og þar með draga úr nýtingu þeirra fjárfestinga sem það hefur ráðist í á undanförunum árum.

Í ljósi þessa og þeirra athugasemda sem hafa komið fram í umsögn Icelandair Group telur IGS að skattahækkanirnar muni hafa neikvæð áhrif á starfsemi félagsins, sem og annarra sem veita sambærilega þjónustu. IGS óskar þess að fá að koma að máli við nefndarmenn fjárlaganefndar við undirbúning málsins til þess að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni.

Virðingarfyllst,  
F.h. IGS ehf.

Gunnar Olsen,  
framkvæmdastjóri